

4. gr.

62

27. nóv.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1944.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***L Ö G**

63

1. des.

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Ef tveimur eða fleirum ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fáist ekki skipuð hvert í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samantölum launum hinna fyrri umdæma.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.***L Ö G**

64

1. des.

um heilsuverndarstöðvar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í kaupstað hverjum skal reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu með ráði berklayfirlæknis, sbr. einnig ákvæði 6. gr.

Um skipun og rekstur heilsuverndarstöðvar fer samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er hlutaðeigandi bæjarstjórn og stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags semja, en ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heilsuverndarstöð ber að rækja berklavarnarstarfsemi í umdæmi sínu samkvæmt ákvæðum berklavarnarlaga og nánari fyrirmælum berklayfirlæknis, en aðra